

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/11/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 476/15/COL ...	1
2016/EES/11/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 478/15/COL ...	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2016/EES/11/03		Beiðni Norges Høyesterett dagsett 5. júní 2015 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Holship Norge AS gegn Norsk Transportarbeiderforbund (Mál E-14/15)	3
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/11/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7906 – Equistone Partners Europe/MECAPLAST Group)	4
2016/EES/11/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7918 – Indorama Netherlands/Guadarranque Polyester)	5
2016/EES/11/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7923 – LKQ Corporation/Rhiag Group)	6
2016/EES/11/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7824 – Vita Central Europe/Walmart)	7
2016/EES/11/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7886 – PostFinance/SIX Group/SIX Paynet)	7
2016/EES/11/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7891 – The Carlyle Group/Comdata)	8
2016/EES/11/10		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7892 – The Carlyle Group/Hunkemöller)	8

2016/EES/11/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7894 – Cinven/ERGO Italia)	9
2016/EES/11/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7907 – Sphinx/CVC Capital Partners/RAC)	9
2016/EES/11/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7913 – Allianz/Spar/Fischapark)	10
2016/EES/11/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7929 – Mitsubishi Corporation/KKR/South Staffordshire Plc and associated companies)	10
2016/EES/11/15	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. mars 2016	11

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/11/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	11. nóvember 2015
Málsnúmer	77900
Ákvörðun	476/15/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Tyssedal
Heiti	Sértæk aðstoð við Tizir Titanium & Iron AS vegna byggingar tilraunavers í Tyssedal
Lagagrundvöllur	Aðstoðarkerfi Orkusjóðs sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun 248/11/COL
Tegund aðstoðar	Stök aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi Orkusjóðs, sem verður tekin til itarlegs mats
Markmið	Efning nýrrar orkutækni
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	122 734 320 norskra króna
Aðstoðarhlutfall	47,9%
Gildistími	Aðstoð verður dreift á árin 2015 og 2016
Atvinnugreinar	Framleiðsla á titantvísýringsslagi og hágæða hrájárni
Heiti og póstfang stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Enova SF Professor Borchsgt. 2 N-7030 Trondheim Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/11/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	25. nóvember 2015
Málsnúmer	78009
Ákvörðun	478/15/COL
EFTA-ríki	Noregur
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	CLIMIT Demo
Lagagrundvöllur	Stortingsvedtak nr. 352 (2002-2003), Stortingsvedtak nr. 69 (2003-2004), Innst. S. nr. 250 (2003-2004) vedtak nr. 549, Budsjettvedtak re. Budsjett-innst. S. nr. 9 (2004-2005) frá energi og miljøkomiteen, Kongelig resolusjon av 17.12.2004 Om opprettelse og fastsettelse av vedtekter og fullmakter for forvaltningsorganet Gassnova, forskrift om endringer i forskrift 16. desember 1977 nr. 14, forskrift 16. desember 1977 nr. 15.
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Rannsóknir, þróun og nýsköpun
Aðstoðarform	Styrkir
Fjárveiting	Mest 200 milljónir norskra króna á ári
Aðstoðarhlutfall	25% til 100%, eftir því hvers kyns aðstoðin er
Gildistími	5 ár
Atvinnugreinar	Allar
Heiti og póstfang stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Gassnova SF Dokkvegen 10 N-3920 Porsgrunn

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Norges Høyesterett dagsett 5. júní 2015 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Holship Norge AS gegn Norsk Transportarbeiderforbund

2016/EES/11/03

(Mál E-14/15)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Norges Høyesterett (Hæstaréttar Noregs) frá 5. júní 2015, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 5. júní 2015, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Holship Norge AS gegn Norsk Transportarbeiderforbund að því er varðar eftirtalin atriði:

A *Um samkeppnisrétt:*

- A.1 Tekur undanþága frá samkeppnisreglum EES-samningsins sem gildir um kjarasamninga, eins og þeirri undanþágu er m.a. lýst í ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli E-8/00 Landsorganisasjonen i Norge og NKF, skýrsla EFTA-dómstólsins 2002, bls.114, til beitingar sniðgöngu gagnvart notanda hafnar til að knýja fram samþykki á kjarasamningi, þegar slíkt samþykki felur í sér að notandi hafnarinnar verður að velja að kaupa frekar losunar- og lestunarþjónustu frá aðskilinni skrifstofu, eins og lýst er í málsgreinum 7 og 10 til 14 hér að framan, fremur en að nota eigin starfsmenn til sama verks?
- A.2 Ef svo er ekki, skal meta slíkt kerfi samkvæmt 53. eða 54. gr. EES-samningsins?
- A.3 Verður, í því tilviki, að hafa hliðsjón af sams konar eða samsvarandi kerfi í öðrum höfnum við mat á því hvort fyrir hendi séu merkjanleg áhrif á viðskipti yfir landamæri innan EES-svæðisins?

B *Um staðfesturétt:*

- B.1 Er það takmörkun á staðfesturétti samkvæmt 31. gr. EES-samningsins ef verkalýðsfélag beitir sniðgöngu til þess að fá fyrirtæki, sem á móðurfélag í öðru EES-ríki, til að samþykkja gerð kjarasamnings, þegar kjarasamningurinn felur í sér að fyrirtækið verður að velja að kaupa frekar losunar- og lestunarþjónustu frá aðskilinni skrifstofu, sem svarar til lýsingarinnar í málsgreinum 10 til 14 hér að framan, fremur en að nota eigin starfsmenn til verksins?
- B.2 Hefur það þýðingu fyrir mat á því hvort takmörkun er fyrir hendi, komi í ljós að þörf fyrirtækisins fyrir losunar- og lestunarþjónustu sé mjög takmörkuð og/eða óregluleg?
- B.3 Ef takmörkun er fyrir hendi: Hefur það þýðingu fyrir matið á því hvort takmörkunin er lögleg eður ei að fyrirtækið beitir gagnvart sínum eigin hafnarverkamönnum öðrum kjarasamningi, sem aðilar vinnumarkaðarins í því ríki þar sem höfnin er sömdu um, þegar sá kjarasamningur tekur til annars en vinnu við losun og lestun?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/11/04

(mál M.7906 – Equistone Partners Europe/MECAPLAST Group)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. febrúar 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Equistone Partners Europe SAS („EPE“), sem lýtur yfirláðum breska fyrirtækisins Equistone LLP, öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Financière Mecaplast SAS („Financière Mecaplast“) og óbeint í franska dótturfélaginu sem er alfarið í eigu þess, Mecaplast SAM („Mecaplast“), og öllum dótturfélögum þess síðarnefnda, sem nefnast einu nafni „MECAPLAST Group“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MECAPLAST Group fæst við framleiðslu og sölu á ihlutum í ökutæki
 - EPE er fjárfestingarfyrirtæki sem einkum fjárfestir í meðalstórum fyrirtækjum og nær eignasafn þess yfir ýmsar atvinnugreinar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 26.2.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7906 – Equistone Partners Europe/MECAPLAST Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7918 – Indorama Netherlands/Guadarranque Polyester)**

2016/EES/11/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. febrúar 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Indorama Netherlands B.V., sem endanlega lýtur yfirráðum Canopus International Ltd. („Indorama“, Máritíus), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Guadarranque Polyester S.L.U („Guadarranque“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Indorama: framleiðsla á hreinsaðri teretalsýru (PTA), tereþalat-vörum (PET), PET-resíni og öðrum pólýester-vörum.
 - Guadarranque: framleiðsla á PTA, hreinsaðri ísóþalsýru (PIA) og PET-vörum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið ESB (C 69, 23.2.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7918 – Indorama Netherlands/Guadarranque Polyester, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7923 – LKQ Corporation/Rhiag Group)**

2016/EES/11/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. febrúar 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið LKQ Italia S.r.l., sem lýtur yfirláðum bandaríska fyrirtækisins LKQ Corporation („LKQ“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Rhiag Group („Rhiag“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - LKQ: dreifing bílahluta, m.a. varahluta og íhluta og kerfa sem notuð eru við viðgerð og viðhald á léttum farþega- og atvinnuökutækjum og að takmörkuðu leyti fyrir þung atvinnuökutæki, auk sérnotavara og fylgihluta fyrir ökutæki
 - Rhiag: dreifing bílahluta sem notaðir eru við viðgerð og viðhald á léttum farþega- og atvinnuökutækjum (undir 6 tonnum) og þungum atvinnuökutækjum (yfir 6 tonnum)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 64, 19.2.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7923 – LKQ Corporation/Rhiag Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/07**
(mál M.7824 – Vita Central Europe/Walmart)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7824. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/08**
(mál M.7886 – PostFinance/SIX Group/SIX Paynet)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7886. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/09**
(mál M.7891 – The Carlyle Group/Comdata)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7891. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/10**
(mál M.7892 – The Carlyle Group/Hunkemöller)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7892. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/11**
(mál M.7894 – Cinven/ERGO Italia)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 9. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7894. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/12**
(mál M.7907 – Sphinx/CVC Capital Partners/RAC)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7907. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/13**
(mál M.7913 – Allianz/Spar/Fischapark)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7913. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/11/14**
(mál M.7929 – Mitsubishi Corporation/KKR/South Staffordshire Plc and associated companies)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 17. febrúar 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7929. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. mars 2016

2016/EES/11/15

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta ([Stjtið ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6](#)). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í [Stjtið. ESB C 15, 16.1.2016](#), bls. 8 og EES-viðbæti nr. 3, 21.1.2016, bls. 9.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2016	31.1.2016	0,12	0,12	1,63	0,12	0,46	0,12	0,36	0,12	0,12
1.2.2016	29.2.2016	0,09	0,09	1,63	0,09	0,46	0,09	0,36	0,09	0,09
1.3.2016	–	0,06	0,06	1,63	0,06	0,46	0,06	0,30	0,06	0,06

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.1.2016	31.1.2016	0,12	0,12	0,12	1,92	1,37	0,12	0,12	0,12	0,12
1.2.2016	29.2.2016	0,09	0,09	0,09	1,92	1,37	0,09	0,09	0,09	0,09
1.3.2016	–	0,06	0,06	0,06	1,92	1,37	0,06	0,06	0,06	0,06

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2016	31.1.2016	0,12	0,12	0,12	1,83	0,12	1,65	-0,22	0,12	0,12	1,04
1.2.2016	29.2.2016	0,09	0,09	0,09	1,83	0,09	1,65	-0,22	0,09	0,09	1,04
1.3.2016	–	0,06	0,06	0,06	1,83	0,06	1,65	-0,22	0,06	0,06	1,04